



Reykjavík, 30. 1. 2019
Tilvísun: [2018120028/EBH](#)

Har. Birgir Haraldsson
Skipulags- og byggingafulltrúi
Rangárþing ytra
Suðurlandsvegi 1-3
860 Hella
birgir@ry.is

Efni: Leynir. Deiliskipulag.

Deiliskipulagsreitur nær ekki yfir tengingu við Landveg (26) en samkæmt framlögðu deiliskipulagi mun umferð um þá tengingu aukast. Landvegur er tengivegur af vegtegund C8 og því skal fjarlægð á milli tenginga við veginn vera 400 m skv. Veghönnunarreglum. Tengingar á þessu svæði eru of þéttar og ráða þarf bót á því. Æskilegt er að kvöð verði sett á vegi um að verði af frekari uppbyggingu á svæðinu verði heimilt að nýta núverandi umferðarmannvirki.

Vegagerðin bendir á ákvæði skipulagsreglugerðar þar sem segir að deiliskipulag skuli að jafnaði ná til reits eða svæða sem mynda heildstæða einingu sem gefur sameiginlegar forsendur fyrir viðkomandi deiliskipulag.

Virðingarfyllst,

Erna Bára Hreinsdóttir,
forstöðumaður Skipulagsdeildar

Afrit: Svanur Bjarnason, Vegagerðinni.